



**STARFSREGLUR STARFSKJARANEFNDAR OG
VEGNA GERÐAR STARFSKJARASTEFNU**

VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF.

(„VÍS“)

1. gr.

Skipun starfskjaranefndar

Starfskjaranefnd VÍS er undirnefnd stjórnar félagsins og er skipuð af henni í samræmi við starfsreglur stjórnar félagsins. Nefndin skal starfa í samræmi við íslensk lög og reglur og góða stjórnarhætti.

2. gr.

Nefndarmenn

Stjórn VÍS ber ábyrgð á skipun starfskjaranefndar og skal nefndin ávallt, nema annað sé tekið fram í reglum þessum, svara beint til stjórnar. Stjórn félagsins kys starfskjaranefnd eigi síðar en mánuði eftir aðalfund. Nefndin skal skipuð þremur stjórnarmönnum.

Meirihluti nefndarmanna skulu vera óháðir félaginu og æðstu stjórnendum þess, þ.á m. forstjóra. Hvorki forstjóri félagsins né aðrir æðstu stjórnendur þess skulu eiga sæti í starfskjaranefnd VÍS.

Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við hlutverk og verkefni nefndarinnar. Æskilegt er að nefndarmenn hafi reynslu og þekkingu á viðmiðum og venjum við ákvörðun starfskjara stjórnenda og geti áttað sig á hámarksgreiðslum til einstakra stjórnenda, t.a.m. við starfslok, og áhrifum þeirra á félagið.

Láti nefndarmaður af störfum skal stjórn kjósa nýjan nefndarmann í hans stað innan mánaðar.

3. gr.

Ráðgjafar

Starfskjaranefnd er heimilt, ef nauðsyn þykir, að leita atbeina ráðgjafa í störfum sínum og skulu ráðgjafar vera óháðir félaginu, æðstu stjórnendum þess og þeim stjórnarmönnum sem ekki eru óháðir. Nefndin ber ábyrgð á því að kanna óhæði ráðgjafa.

4. gr.

Hlutverk og ábyrgðarsvið starfskjaranefndar

Starfskjaranefnd VÍS hefur það hlutverk að undirbúa ákvarðanir stjórnar félagsins varðandi starfskjarastefnu félagsins, sbr. m.a. 79. gr. a hlutafélagalaga nr. 2/1995.

Helstu verkefni starfskjaranefndar eru að:

1. Útbúa drög að starfskjarastefnu félagsins og bera undir stjórn félagsins í samræmi við 8. gr. reglna þessara. Skal nefndin leggja fram tillögu um starfskjarastefnu og starfskjaraskýrslu VÍS til stjórnar tímanlega fyrir aðalfund ár hvert,

2. Undirbúa tillögu til hluthafafundar um starfskjör stjórnarmanna og nefndarmanna í undirnefndum stjórnar,
3. Hafa eftirlit með eftirfylgni við gildandi starfskjarastefnu félagsins,
4. Sjá til þess að laun og önnur starfskjör séu í samræmi við lög, reglur og bestu framkvæmd hverju sinni,
5. Undirbúa ákvarðanir stjórnar um laun og önnur starfskjör forstjóra og annarra starfsmanna sem heyra undir stjórn félagsins,
6. Veita álit til stjórnar félagsins fyrirfram á kaupaukakerfi, sé fyrirhugað að koma slíku kerfi á laggimar, sbr. reglur um kaupaukakerfi váttryggingafélaga,
7. Taka sjálfstæða afstöðu til áhrifa launa á áhættutöku og áhættustýringu félagsins í samráði við endurskoðunarnefnd félagsins,
8. Framkvæma árlega mat á störfum starfskjaranefndar,
9. Leggja árlega fyrir stjórn félagsins skýrslu um störf starfskjaranefndar.

5. gr.

Fundir og ákvörðunarvald starfskjaranefndar

Starfskjaranefndin skal að lokinni árlegri skipan hennar koma saman til fundar, þar sem nefndarmenn kjósa formann úr eigin röðum. Nýir nefndarmenn skulu fá leiðsögn og upplýsingar um störf og starfshætti nefndarinnar.

Formaður starfskjaranefndar boðar til funda að eigin frumkvæði eða að ósk annarra nefndarmanna. Fundir skulu að jafnaði haldnir einu sinni á ársfjórðungi, en oftast telji starfskjaranefnd ástæðu til.

Formaður starfskjaranefndar stýrir fundum. Starfskjaranefnd er ákvörðunarbær þegar meirihluti nefndarmanna sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir nefndarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið sé þess kostur.

Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á fundum í öllum málum. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum.

Fundargerðir skulu vera skriflegar og samþykktar af nefndarmönnum. Nefndin skal halda fundargerðabók.

6. gr.

Upplýsingar um störf nefndarinnar

Starfskjaranefnd skal tryggja að stjórn félagsins fái reglulega nákvæmar upplýsingar um helstu störf nefndarinnar. Nefndin skal sjá til þess að fundargerðir starfskjaranefndar séu aðgengilegar öllum stjórnarmönnum, forstjóra og innri endurskoðanda félagsins.

Upplýsingar og gögn frá nefndinni skulu vera aðgengileg stjórnarmönnum tímanlega fyrir stjórnarfundi, og á milli þeirra, og skulu allir stjórnarmenn fá sömu upplýsingar. Upplýsingar skulu jafnframt vera til staðar þegar þörf er á þeim og vera eins nákvæmar og unnt er.

Starfskjaranefnd skal árlega leggja skýrslu um störf sín fyrir stjórn félagsins.

7. gr.

Heimildir starfskjaranefndar, aðgengi að gögnum

Starfskjaranefnd getur kallað eftir upplýsingum um kjaramál hjá félaginu, til dæmis varðandi launakjör tiltekinna hópa og jafnlaunamál. Aðgangur að gögnum og starfsmönnum félagsins skal þó vera bundinn þeim hömlum sem gilda um aðgengi stjórnarmanna í váttryggingafélögum samkvæmt gildandi löggjöf og starfsreglum stjórnar félagsins.

8. gr.

Gerð starfskjarastefnu

Starfskjaranefnd útbýr drög að starfskjarastefnu félagsins varðandi laun og önnur starfskjör stjórnarmanna, stjórnenda, starfsmanna lykilstarfssviða og annarra starfsmanna félagsins og ber þau undir stjórn til samþykktar.

Starfskjarastefnan skal lögð fyrir aðalfund félagsins til samþykktar með eða án breytinga og öðlast gildi þegar aðalfundur hefur samþykkt hana. Starfskjarastefna félagsins skal tekin til endurskoðunar ár hvert. Starfskjarastefna skal birt á vefsíðu félagsins og vera aðgengileg starfsmönnum.

Ef stjórn viku frá starfskjarastefnu skal það rökstutt í hverju tilviki fyrir sig í fundargerð stjórnar.

Starfskjarastefna er bindandi fyrir stjórn að því er varðar hlutabréf, kaup- og sölurétt, forkaupsrétt og annars konar greiðslur sem tengdar eru hlutabréfum í félaginu eða þróun verðs á hlutabréfum í félaginu.

Í starfskjarastefnu skulu koma fram grundvallaratriði varðandi starfskjör stjórnarmanna, stjórnenda, annarra starfsmanna og stefnu félagsins varðandi samninga við framangreinda aðila.

Í starfskjarastefnu skal koma fram hvort og þá við hvaða aðstæður og innan hvaða ramma heimilt sé að greiða eða umbuna stjórnendum umfram föst laun í formi árangurstengdra greiðslna eða starfskjarabátta, hlutabréfa, kaup- og söluréttar, forkaupsréttar og annars konar greiðslna sem tengdar eru hlutabréfum í félaginu eða þróun verðs á þeim, lánasamninga, lífeyrissamninga eða starfslokasamninga.

Við gerð starfskjarastefnu skulu höfð að leiðarljósi þau viðmið sem sett eru fram í lögum um hlutafélög nr. 2/1995, einkum 2. mgr. 79. gr. a og 5. útgáfu leiðbeininga Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja frá maí 2015. Nefndin skal einnig hafa gildandi lög og reglur um váttryggingastarfsemi til hliðsjónar.

Starfskjarastefna félagsins skal stuðla að því að hagsmunir stjórnenda séu raunverulega tengdir árangri félagsins og hagsmunum haghafa þess til lengri tíma lítið.

9. gr.

Gerð starfskjaraskýrslu

Starfskjaranefnd útbýr drög að starfskjaraskýrslu félagsins sem gerir grein fyrir framgangi starfskjarastefnu félagsins og áhrifum stefnunnar á markmið og rekstur.

Starfskjaraskýrslan skal lögð fram með starfskjarastefnunni og hefur þann tilgang að veita hluthöfum skýringar á framkvæmd og framgangi starfskjarastefnunnar.

Starfskjaraskýrslan skal gera grein fyrir:

- Launum og öðrum starfskjörum stjórnarmanna, forstjóra, stjórnenda og lykilstarfsmanna
- Stöðu og þróun breytilegra kjara hjá stjórnendum og starfsmönnum félagsins og hvernig þau

styðja við fjárhagsleg og stefnumótandi markmið til lengri tíma.

- Álit forstöðumanns áhættustýringar, regluverði og innri endurskoðanda á kaupaukakerfi félagsins.
- Staðfestingu þess efnis að laun og önnur starfskjör séu í samræmi við lög, reglur og bestu framkvæmd hverju sinni,
- Veita álit til hluthafa félagsins á árangri starfskjarastefnunnar

10. gr.

Úrsögn úr starfskjaranefnd

Nefndarmanni er hvenær sem er heimilt að segja sig úr starfskjaranefnd. Þá er meirihluta stjórnar félagsins heimilt að víkja nefndarmanni úr nefndinni án fyrirvara. Stjórn félagsins skal skipa annan nefndarmann við fyrsta tækifæri í stað þess sem vikur sæti.

11. gr.

Þagnar- og trúnaðarskylda

Á nefndarmönnum hvílir þagnarskylda um málefni félagsins og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem nefndarmenn og leynt skulu fara samkvæmt samþykktum félagsins, lögum eða eðli máls, nema um sé að ræða málefni sem stjórn félagsins ákveður að gera opinber eða slíkt leiðir af ákvæðum laga eða samþykktum félagsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Nefndarmaður skal varðveita öll gögn með tryggilegum hætti sem hann fær afhent vegna starfa sinna. Skulu nefndarmenn afhenda félaginu öll gögn sem þeir kunna að hafa fengið í hendur í tengslum við einstök málefni félagsins ef formaður telur á því nauðsyn.

12. gr.

Önnur ákvæði

Reglur þessar taka mið af 79. gr. a laga nr. 2/1995 um hlutafélög og skulu yfirfarnar minnst árlega. Við gerð reglnanna var einnig tekið mið af 5. útg. leiðbeininga Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja frá maí 2015. Ákvæði reglnanna koma ákvæðum hlutafélagalaga og samþykktu félagsins til fyllingar.

Breytingar á starfsreglum þessum taka eigi gildi fyrr en stjórn félagsins hefur samþykkt breytingarnar.

Reglurnar skulu gilda um nefndarmenn starfskjaranefndar félagsins og þeir skuldbinda sig til þess að hlíta reglum þessum með því að taka sæti í starfskjaranefnd félagsins. Reglurnar gilda eftir því sem við á einnig um stjórn félagsins.

Reglur þessar skulu birtar á vefsíðu félagsins.

Þannig samþykkt af starfskjaranefnd félagsins þann 9. janúar 2019.

Staðfestar af stjórn VÍS þann 21. janúar 2019.